



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Umhverfis- og skipulagssvið

---

### ***Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um ný LED auglýsingaskilti sem verið er að setja upp í borginni - R19110056***

Eftirfarandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í borgarráði var send umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar:

*Fulltrúar Sjálfstæðisflokks óska eftir upplýsingum um hversu mörg LED auglýsingaskilti er verið að setja upp í borgarlandinu en búið er að koma fyrir einu slíku skilti við Strandveg í Grafarvogi. Athygli vekur að skiltið er staðsett við gönguþverun fyrir gangandi vegfarendur. Það liggur í hlutarins eðli að skiltið skapar mikla hættu, enda er markmiðið að það fangi athygli vegfarenda á ökutækjum. Óskað er eftir upplýsingum um hvar þessi nýju auglýsingaskilti eru staðsett í borgarlandinu og hvort að þessar staðsetningar hafi verið kynntar fyrir íbúum í nærumhverfi þeirra, hvar þau eru staðsett. Þá er jafnframt óskað eftir upplýsingum um hvort auglýsingaskilti þessi séu undanþegin og/eða samrýmast samþykkt um skilti í Reykjavík en í drögum að samþykktinni segir „að til þess að koma í veg fyrir að skilti ógni öryggi vegfarenda eru ákvæði um fjarlægðir skilta frá gatnamótum og vegbrúnum, tíðni skiptinga á myndum, hámarks ljóma skiltis og fleira.“ Þá segir jafnframt í samþykktinni að skilti „sem eru undanþegin reglum þessum skulu engu að síður taka mið af ákvæðum reglanna varðandi birtustig, öryggi og staðsetningu.*

Uppsetning LED auglýsingastanda er í samræmi við samning borgarinnar við Dengsa ehf. í kjölfar EES útboðs nr. 14097: *Götugögn í Reykjavík. Biðskýli og auglýsingastandar.*

Frá árinu 1998 var AFA JCDecaux með samning við Reykjavíkurborg um uppsetningu og rekstur um 140 biðskýla og fyrirtækið fjármagnaði það verkefni með sölu auglýsinga á skýlin og um 40 auglýsingastanda sem fyrirtækið fékk heimild til að setja upp í borgarlandinu. Ákveðið var að bjóða út uppsetningu og rekstur biðskýla á nýjan leik og leitast við að fá fleiri biðskýli frá einkaaðilum, borginni að kostnaðarlausu, með sömu formerkjum og áður að einkaaðilar fjármagni skýlin með sölu auglýsinga á skýlunum og auglýsingastöndum. Í útboðinu var óskað eftir að lágmarki 210 skýlum (50% fjölgun frá fyrri samningi) og að verktaki hefði á móti heimild til að fjölga auglýsingastöndum úr um 40 í 50. Uppsetning nýrra biðskýla og auglýsingastanda hófst seinni part árs 2019 og mun fram halda í vor.

Staðsetning bæði biðskýla og auglýsingastanda er háð samþykki borgarinnar. Stefnt er á að nýta um 30 þeirra staðsetninga þar sem áður var auglýsingastandur frá AFA JCDecaux en um 20 auglýsingastandar verða staðsettir á nýjum stöðum. Nýjar staðsetningar eru valdar í samráði skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar og skipulagsfulltrúa og verða kynntar fyrir íbúum í nærumhverfi þar sem þess er talin þörf. Auglýsingastandarnir eru ekki undanþegnir samþykkt um skilti í Reykjavík. Umræddur auglýsingastandur við Strandveg var ekki rétt staðsettur, hann var tekinn niður mjög fljótlega eftir uppsetningu og verður fundinn nýr staður.

f.h. umhverfis- og skipulagssviðs  
Þorsteinn R. Hermannsson  
Samgöngustjóri

